

Þriðjudaginn 24. nóvember 2020 var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 38/2020

X

gegn

Y

#### I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 18.9.2020 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna brota á grundvallarreglum Hundaræktarfélagsins.

Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 18.9.2020 og gefinn 4 vikna andmæla frestur. Kærða svaraði efnislega.

#### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Kærandi telur að kærða hafi brotið grundvallarreglur Hundaræktarfélagsins, ákvæði 4.1 og 4.2. (3.1 og 3.2 í nýrri útgáfu reglanna).

##### *3. Sala hunda, afhending og afsal*

*Félagsmanni í HRFÍ ber að:*

*1. Nota kaupsamning/afsal frá HRFÍ við sölu/afsal hunds.*

*2. Afhenda ættbók með seldum hundi eða staðfestingu á að búið sé að senda inn beiðni um ættbókarskráningu. Skal ættbókin þá afhendast kaupanda um leið og hún kemur frá HRFÍ. Ræktandi getur ekki krafist fullrar greiðslu fyrir hund fyrir en við afhendingu ættbókarskírteinis (staðfestingar) auk heilsufars- og bólusetningarvottorðs frá dýralækni.*

#### III. Forsendur

Ofangreindar reglur eiga við þegar hundar eru seldir eða þeim afsalað til nýrra eigenda. Ekki hefur farið fram afsal á hundinum skv. gögnum Hundaræktarfélagsins og ekkert í gögnunum sem gefur til kynna að slíkt hafi átt að fara fram.



Þegar kemur að sölu er deilt um hvort hundurinn hafi verið seldur eða settur á svokallaðan fódursamning þar sem ræktandi heldur eftir ræktunarrétti þegar hundi er komið fyrir á öðru heimili og er í þeim tilfellum skráður eigandi hundsins í ættbók.

Ekki er óvanalegt að eitthvert gjald sé greitt fyrir hunda á fódursamning og því ekki hægt að telja millifærslukvittun sönnun á því að um almenn kaup á hundinum hafi verið að ræða.

#### IV. Niðurstaða

Siðanefnd vísar málinu frá þar sem ekki hefur verið sýnt fram á brot á reglugerðum eða lögum félagsins.

f.h. siðanefndar

---

Klara Símonardóttir

---

Anna D. Hermannsdóttir

---

Ásta María Karlsdóttir